




AÐALSKIPULAG HORNAFJARÐAR 2012-2030

**Forsendur**

Jarðirnar Skaftafell III og IV liggja sunnan við Þjóðgarðinn og þjónustumiðstöðina í Skaftafelli. Skaftafell er einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins og skv. aðalskipulagi einn af megin seglum ferðaþjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Markmið aðalskipulags-breytingar fyrir svæðið sem staðfest var árið 2020 er að „heimila uppbyggingu gisti- og þjónustuhúsa, allt að 1.400m$^2$ í landi Skafafell III-IV til þess að auka þjónustu við þann fjölda ferðafólks sem kemur í Öræfin. Þessari breytingu er ætlað að styrkja þá þjónustu sem fyrir er við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli."

**Markmið**

Markmið með deiliskipulagi þessu er að sníða ramma utan um byggð lítilla húsa á jörðinni Skaftafell III og staðsetja grunninnviði.

**Gildandi skipulagsákvæði**

Í gildi er aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 með samþykktri breytingu fyrir Skaftafell III og IV staðfestri þann 15.10.2020. Skilgreindur var nýr verslunar- og þjónustusvæðisreitur, VÞ 44, en um hann segir: „Ferðaþjónusta, gistihús, allt að 35 hús sem hvert um sig getur verið allt að 40m2, húsin skulu vera á einni hæð. Við gerð deiliskipulags skal haft samráð við Vatnajökulsþjóðgarð, m.a. um plöntuval. Svæðisafmörkun ~15 ha." Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

**Afmörkun**

Deiliskipulagssvæðið er um 42,1ha að stærð og tekur til hluta jarðanna Skaftafell III og Skaftafell IV, en heildarstærð jarðanna er um 655ha. Að austanverðu afmarkast skipulagssvæðið við landamerkjalínu við þjóðveg en afmörkun er annars sniðin rúmt utan um verslunar- og þjónustureit VÞ-44 skv. aðalskipulagi. Skipulagssvæðið og jarðirnar Skaftafell III og IV eru utan náttúruminjaskrár, en Vatnajökulsþjóðgarður liggur norðan við skipulagssvæðið og fyrir liggur tillaga um verndun Skeiðarársands skv. B-hluta náttúruminjaskrár, sunnan skipulagssvæðisins.

**Skipulagsgögn**

Skipulag þetta er sett fram á eftirtöldum uppdráttum.

- D00.01- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000
- D00.02-Yfirlitsuppdráttur í mælikvarða 1:5.000 - með greinargerð
- D00.03-Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:1.000

ATH: Greinargerð er að finna á yfirlitsuppdrætti D00.02.

**Samningur lóðarhafa**

Lóðarhafar Skaftafells III og IV hafa gert með sér samkomulag um hvernig uppbygginu, vega- og stígagerð skuli háttað á landareignunum. Deiliskipulag þetta byggir á undirrituðum samningi með viðauka og er hvort tveggja fylgigagn deiliskipulagsins.

## S K Ý R I N G A R

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- MÖRK SKAFTAFELLS III og IV
- MÖRK VÞ-REITS (VÞ-44)
- BYGGINGARREITUR
- LÓÐ (með byggingarreit)
- AKVEGUR + veghelgunarsvæði
- BÍLASTÆÐI leiðbeinandi staðsetning og fjöldi
- Göngustígur að þjóðgarði - leiðbeinandi staðsetning
- Hæðarlínur meter
- H — HREINSIVIRKI - leiðbeinandi staðsetning
- B — BORHOLA - staðsetning til viðmiðunar
- S — SPENNISTÖÐ - staðsetning til viðmiðunar
- F — SORPFLOKKUN - staðsetning til viðmiðunar
- RAFSTRENGUR Í JÖRÐ

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í

________________________ þann __________ 20 ____

og í

________________________ þann __________ 20____.

Tillagan var auglýst frá __________ 20____ með

athugasemdafresti til ___________ 20____ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20____.

**SKAFTAFELL III og IV - DEILISKIPULAG**

**DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:2.000**

| | | |
|---|---|---|
| Breyting: | Teikn.nr.: **D00.01** | GLÁMA·KÍM |
| Útgáfud.: **27.08.2021** | Mkv.: **1:2.000** m.v. blaðstærð A1 í yfirlengd | Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739 glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is |
| Verknr: **2004017** | Teikn. **ST** / Yfirf. **SK** | |

BANNAÐ ER AÐ MÆLA AF TEIKNINGUM